



6. febrúar 2017.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

## MINNISBLAÐ

### Úttekt á hádegismat í grunnskólum

Reglulega hafa farið fram úttektir á hádegismat í grunnskólum Hafnarfjarðar. Tilgangur slíkra úttekta hefur alltaf verið að vinna að því að bæta gæði matarþjónustu við nemendur grunnskólanna – og á reyndar einnig við um hádegismat fyrir starfsfólk grunnskólanna þegar um það er að ræða að sá matur standi þeim einnig til boða. Við slíka framkvæmd hefur alltaf verið ráðinn óháður úttektaraðili til að annast framkvæmdina.

Í febrúar 2017 hefur verið ákveðið að gera úttekt á hádegismat í grunnskólunum bæjarins, þ.e. umgjörð matarhaldsins og innihald máltíða. Úttektaraðili er fyrirtækið SÝNI. Úttektin fer þannig fram að úttektaraðilar mæta einn dag í hádegismat í hvern skóla án viðvörunar og taka út framkvæmdina. Í því felst að meta næringu hádegisverðar út frá manneldismarkmiðum Lýðheilsustöðvar líkt og kveðið er á í samningi við þjónustuaðila matarþjónustu í grunnskólum bæjarins á hverjum tíma (nú ISS/skólaaskur nema í Áslandsskóla), hvort viðkomandi hádegismatur sé í samræmi við matseðil og hvort framkvæmdin beri vott um fullnægjandi gæði. Úttektin fer fram í grunnskólum bæjarins sem eru með aðkeyptan mat (ISS-skólaaskur), í Áslandsskóla sem er með matseldunina á eigin vegum og í sjálfstætt starfandi grunnskólum sem Hafnarfjörður ber ábyrgð sbr. 37. og 45 gr. laga um grunnskóla (nr. 91/2008, m.a. 3. mgr. 45. gr. sem kom inn í lögin árið 2011 þar sem matarmál eru nefnd sérstaklega sem hluti af þjónustusamningi sveitarfélags við sjálfstætt starfandi grunnskóla), þ.e. Barnaskóla Hjallastefnunnar og NÚ Framsýn. Um úttektina mun SÝNI gera skýrslu um niðurstöður sínar af úttektarferlinu.

Í framhaldi úttektar mun skýrsla frá SÝN verða lögð fyrir fræðsluráð.

Virðingarfyllst,

  
Fanney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri